



Ágæti félagsmaður

Kosningu um nýjan kjarasamning lýkur 5. september 2016 kl. 14:00. Við hvetjum þig til að nýta kosningaréttinn.

Kosningu lýkur mánudaginn 5. sept. kl. 14:00

Kosið er á www.ki.is – „mínar síður“

Í síðustu viku fengu allir senda kynningu á kjarasamningnum. Síðan þá hafa komið fram ýmsar spurningar og vangaveltur og er reynt að svara þeim hér á eftir. Í svörunum er alltaf miðað við að samningur verði samþykktur og hvað taki þá gildi.

Er verið að kjósa um hvort vinnumatið eigi að vera eða ekki í þessum samningi?

Nei, það er ekki verið að kjósa um hvort vinnumatið eigi að vera eða ekki. Í samningnum eru gerðar breytingar á nokkrum greinum kjarasamningsins til að laga ýmsa vankanta sem upp komu á síðasta skólaári.

Verður gæsla örugglega greidd?

Texti um gæslu er færður til fyrra horfs eins og hann var fyrir 2014. Öll gæsla verður nú greidd og er ekki lengur í b-hólfi. Ef kennari vill og óskar getur hann áfram samið um að taka gæslu í b-hólfi, en greiðsla er alltaf sjálfkrafa fyrsti kostur. Þetta ákvæði tæki gildi frá og með 1. ágúst síðastliðnum.

Verður kennsluskylda kennara fest, verður fallið frá meðaltalinu sem var í síðasta samningi?

Já, nú kenna allir kennarar 26 kest, nema umsjónarkennarar sem kenna 25 kest (hvort tveggja fyrir 100% starf án kennsluafsláttar). Í kjarasamningnum segir „*Kennsluskylda skal vera...*“, það er ekki valkvætt heldur er kveðið á um að hún skuli vera 26/25 kest.

Verða kennarar látnir kenna meira en 26/25 kest?

Nei, það verður enginn látinn kenna meira. Kennsluskyldan hefur verið fest. Ef einstaka kennarar vilja kenna meira eða minna, þá er þeim heimilt að óska eftir því við stjórnanda. Um slíkt verður að gera samkomulag milli kennara og stjórnanda. Það verður alltaf val kennarans og getur aldrei verið ákvörðun stjórnanda að láta viðkomandi kennara kenna meira – aldrei. Ef kennari óskar eftir að kenna minna /eða meira og það verður niðurstaðan, þá hefur það ekki áhrif á kennslu neinna annarra.

Hvernig get ég treyst því að það sem sagt er um samninginn standist, t.d. varðandi gæslu og breytta kennsluskyldu. Því var haldið fram árið 2014 að ef menn vildu ekki gæslu, þyrftu þeir ekki að taka gæslu. Af hverju á ég að treysta þessu núna?

Framkvæmd gæslunnar árið 2014 mistókst að mestu. Framkvæmdin varð örðuvísi en samið var um. Af þeim ástæðum er henni breytt til fyrra horfs. Textinn um gæsluna núna er færður til fyrra horfs og því verður framkvæmdin eins og hún var – gæsla verður greidd. Hvað varðar kennsluskyldu er textinn alveg skýr og stendur að *kennsluskylda skuli vera....* Af hálfu stjórnenda er ekki val um annað. Hvernig framkvæmd gæslunnar varð í fyrravetur er einsdæmi í sögu okkar og ekki ástæða til að draga framkvæmd annarra ákvæða í efa, þrátt fyrir afar erfiða upplifun á gæslumálum. Eftirfarandi kom fram í bréfi borgaryfirvalda til skólastjórnenda í Reykjavík í síðustu viku:

„Verði þeir (kjarasamningarnir – innskot) samþykktir mun Reykjavíkurborg strax á þessu skólaári fjármagna að fullu þá tíma sem grunnskólar höfðu til ráðstöfunar til gæslu og næðisstundar sem nýi samningurinn gerir ráð fyrir í samræmi við þá framkvæmd sem var í gildi fyrir núgildandi kjarasamninga. Fjárveitingar til grunnskóla munu þetta skólaár miðast við 26 kest. að meðaltali á kennara í hverjum skóla. Frá og með næsta skólaári og út samningstímamann verður miðað við 25 kest. meðaltal á umsjónarkennara og 26 kest. á aðra kennara.“

Ég er umsjónarkennari í 100% starfi, ef ég er beðin/n um að kenna 27 kest? Hvernig yrði slíkt framkvæmt?

Kennsluskylda þín er 25 kest og þess vegna áttu að fá 2 tíma greidda í yfirvinnu.

Eru þeir sem ekki afsölu sér kennsluafslætti ekki að fá neitt út úr þessum samningi?

Samningurinn á við þá sem afsöluðu sér ekki kennsluafslætti að öllu leyti nema 20 ára aldursflokkur vegna kennslureynslu. Sá flokkur er bundinn við afsal. Þeir sem afsöluðu sér ekki fá allar launabreytingar, eingreiðslur og annaruppbætur. Nýtt starfsheiti getur átt við þá og ef þeir eru umsjónarkennarar lækka þeir líka um einn tíma í kest. frá 24/19 kest, frítökuréttur gildir um þá og svo framvegis.

Verður hægt að skylda félagsmenn til að taka út frí í stað yfirvinnu?

Nei, því er alveg öfugt farið. Yfirvinna verður alltaf greidd út eins og áður. Alltaf. Á því verður engin breyting. Þetta er heimildarákvæði sem þýðir að ef félagsmaður á yfirvinnu getur hann óskað eftir því að fá að taka út frí og fá álag greitt (sjá nánar í sérstöku kynningarbréfi sem sent var út til félagsmanna).

Má ekki taka „tíma á mót tíma“?

Hvorki við né samninganefnd sveitarfélaga gerum athugasemdir við það ef félagsmenn og stjórnendur eru sammála um að fara þá leið. Um þá leið hefur aldrei verið samið og er hún hvergi skrifuð. Framkvæmd hennar mjög misjöfn á milli skóla/sveitarfélaga. Með frítökuréttarákvæðinu er búinn til farvegur og heimild í kjarasamningnum til að semja um að taka yfirvinnu út í frí og fá álag greitt.

Verður aftur opnað fyrir afsal?

Þegar val um að afsala sér kennsluafslætti kom fram 2014 var það hugsað sem ein einstök aðgerð. Menn gætu bara afsalað sér þá og ekki síðar. Fram kom í kynningum okkar að reynsla annarra kennarafélaga, sem höfðu farið þess leið á undan okkur, var sú að aftur var opnað fyrir afsal. Því væri ekki útilokað að síðar yrði opnað fyrir afsal. Sú hefur orðið raunin, ekki síst vegna óska frá kennurum og síðan 2014 hefur tvisvar verið opnað fyrir afsal. Segja má að upprunalega svarið sé enn í gildi. Ekki er gert ráð fyrir að opnað verði fyrir afsal, en í ljósi reynslunnar er það trúlegt, en ekki víst.